

Svar við fyrirspurn Söru Dögg Svanhildardóttur, bæjarfulltrúa, um fréttastefnu Garðabæjar, dags. 21. febrúar 2019.

1. Er til opinber fréttastefna sveitarfélagsins?

Upplýsingamiðlun á vef Garðabæjar byggir á því leiðarljósi að koma á framfæri á vandaðan hátt margvíslegum upplýsingum sem geta varðað íbúa Garðabæjar. Um getur verið að ræða upplýsingar um starfsemi bæjarins, stefnumörkun og ákvarðanir og einnig fréttir úr bæjarlífinu sem geta varðað samskipti við bæjarbúa.

Fréttastefna Garðabæjar er hluti af upplýsingastefnu sem nú er unnið að samkvæmt starfsáætlun upplýsingadeildar fyrir árið 2019. Í þeirri vinnu verður lögð áhersla á að miðlun upplýsinga verði skilvirk og sett fram af ábyrgð. Samhliða þarf einnig að gæta samræmis við aðrar nágildandi stefnur, s.s. þjónustustefnu, skjalastefnu og persónuverndarstefnu.

2. Hver er fréttastefnan ef hún er til?

Sjá svar við spurningu 1.

3. Hver leggur til fréttæfni á gardabaer.is?

Starfsmenn upplýsingadeildar vinna að fréttæfni inn á vef Garðabæjar í samráði og samstarfi við starfsmenn af öllum sviðum og stofnunum bæjarins.

Fréttæfnið getur komið víða að og varðað málefni og starfsemi bæjarins sem og fréttir af mannlífi. Á sviðsstjórafundum þar sem farið er yfir málefni í vinnslu er reglulega farið yfir hvaða verkefni og viðburði mætti gera skil með umfjöllun á vef bæjarins, gardabaer.is.

Upplýsingastjóri situr fundi bæjarráðs og í þeim tilvikum sem við á eru birtar á vef Garðabæjar upplýsingar um afgreiðslur einstakra mála sem tryggir gagnsæi og gott flæði upplýsinga úr stjórnáðalríki.

Í fréttadálki á vef Garðabæjar er aðaláherslan á fréttir er varða starfsemi bæjarins en í viðburðadagatali á vef Garðabæjar eru settir inn viðburðir bæði á vegum bæjarins sem og félagasamtaka í bænum. Oft senda félög í Garðabæ inn upplýsingar um viðburði sem er komið á framfæri í viðburðadagatalinu ef það á erindi þar.

4. Hver metur hvaða viðburðir eða verkefni sem eru á vegum bæjarins séu fréttir?

Starfsmenn upplýsingadeildar sem setja inn efni á vef Garðabæjar, s.s. fréttir, meta reglulega hvort tilefni sé til að búa til frétt um ákveðna viðburði eða verkefni á vegum bæjarins. Það er einnig gert í samráði við starfsmenn annarra sviða og stofnana sem leggja til efni.